

Vinnufundur FÍR 09/11 2019

Mætt voru: Andri Reyur Haraldsson, Viðar M Þorsteinsson, Borgþór Hjörvarsson, Kristján Helgason, Eiríkur Jónsson, Guðmundur Gunnarsson, Björn Hilmarsson, Hafsteinn Hreiðarsson, Jakob Þór Leifsson, Margrét Arnarsdóttir, Hilmar Guðmannson og Helgi Ingason

Í fjarfundi: Guðmundur Ævar Guðmundsson, Adam Kári Helgason

Gestur: Ólafur Karl Eyjólfsson lögfræðingur RSÍ

Borgþór setur fundinn 09:32

Farið yfir dagskrá fundarins

Könnun FÍR, vinnuhópur mun fara yfir niðurstöður könnunarinnar.

- Farið yfir komment frá félagsmönnum úr könnun.
- Mest áberandi skipting yfirvinnu í tvennt, mikil óánægja.
- Hilmar minnst á félagsfund fyrir austan, þar var enginn ánægður með samninginn.
- Borgþór viðurkennir að hann sé að skipta um skoðun með álit á samningnum og sé farinn að átta sig á að hann sé kannski ekki nægilega góður.
- Hafsteinn bendir á að það verði að vera skýrt að FÍR sé með samningsréttinn hjá sér
- Andri vill að það sé bókað og staðfest að FÍR muni aldrei aftur skrifa undir samning sem stjórn og trúnaðarráð samþykkir ekki.
- Ævar bendir á alla ókosti samningsins, ræður kjarasvið RSÍ við þetta risastóra verkefni? Útfærslur á samningnum ofl. Einnig að taxtar tæknifólks standi betur að vígi en taxtar rafvirkja.
- Margrét fer yfir fleiri punkta úr könnun.

Vinnufundur FÍR leggur til að í framtíðinni verði ALDREI aftur skrifað undir kjarasamning án samþykkis stjórnar og trúnaðarráðs FÍR, samkvæmt 21.grein laga FÍR. Tillagan er samþykkt einróma af öllum mættum fundarmönnum.

- Margrét bendir á að FÍR sé búið að fjarlægjast hin aðildarfélög RSÍ og eigum mögulega meiri samleið með öðrum félögum en þeim sem séu innan RSÍ.
- Guðmundur Gunnarsson bendir á að yfirvinnubreytingin sé hreinlega launalækkun fyrir ansi marga rafvirkja.
- Hilmar bendir á að RSÍ sé búið að breytast, Grafía er komið inn og því verður ekki breytt, kannski þarf FÍR að breytast með.
- Ævar bendir á að í bókun kjarasamnings skuli skipa nefnd þar sem er hafin vinna við nýtt launakerfi, fram kom á trúnaðarráðstefnu að þessi vinna væri ekki hafin að sögn Kristjáns formanns RSÍ.
- Velt upp hvort það eigi að vinna meira úr kommentum frá félagsmönnum, svara hverju kommenti?
- Margrét vill að FÍR lagi verkferla og komi því í verk sem á að gera! Hætta að horfa í baksýnispegilinn og halda áfram okkar vinnu.
- Viðar bendir á að ennþá sé verið að semja um yfirvinnu 1 og 2, t.d. í nýundirrituðum samning við Landsnet.
- Guðmundur Gunnars bendir á að tala ekki um að selja kaffitímana þar sem við fengum ekkert fyrir þá.
- Félagsfundur FÍR, Borgþór minnst á að allir verði að taka þátt í að svara þeim spurningum sem upp koma. Andri bendir á að síðasti félagsfundur hafi verið skritinn þar sem Borgþór

fékk ekki aðstoð FÍR við að undirbúa þann félagsfund, heldur fékk hann Jakob formann félags tæknifólks sér til aðstoðar.

- Setja niður tímaramma fyrir verkefni, eins og að ná samningsréttinum aftur til FÍR.
- Margrét og Hilmar fara yfir könnunina á félagsfundinum.
- Ævar tekur að sér að ná samningsréttinum aftur til FÍR, þessi vinna á að vera búinn fyrir aðalfund. Fyrsta umræða um drög 8.jan 2020, stjórn og trúnaðarráð FÍR.
- Stjórn FÍR verði til viðtals einu sinni í mánuði 2-3 klst, þetta þarf að útfæra sem fyrst, gefa félagsmönnum tækifæri á að tala við stjórn.
- Stjórn FÍR sendi formlegan póst til miðstjórnar RSÍ – Í hvaða samstarfi er RSÍ, á hvaða fundi er farið á og hverju skilar það? Hafa samband við hin rafvirkjafélögin upp á stuðning við þessa fyrirspurn til miðstjórnar.
- Fundur norrænu félagana var mjög góður og skilaði miklu, meðal annars dómsmáli um uppsetningar á kapalstigum, mat á menntun ofl.
- GPTU fundurinn í USA skilaði litlu, og því tillaga um að mæta bara á GPTU fundi í evrópu, en sleppa fundum sem haldnir eru utan evrópu.

Rætt um upplýsingaflæðið hjá félaginu, þarf að bæta heimasíðuna.

Andri Athugar lénið fir.is, er hægt að kaupa það lén, bjóða fir.is í skiptum?

Margrét heldur áfram að fara yfir skoðanakönnun

Uppsögn trúnaðarmanns hjá Norðuráli var sagt upp, þarf að skoða hvers vegna það var?

Margir punktar úr skoðanakönnun sem þarf að vinna úr áfram.

Í framtíðinni verða allar tillögur og athugasemdir frá FÍR skriflega sendar á miðstjórn RSÍ.

Ólafur lögfræðingur RSÍ kemur inn á fundinn.

Umræður um hversu vel trúnaðarmenn eru varðir á vinnustöðum, umræður ekki teknar lengra nema málið komi inn á borð FÍR.

Stofnun deildar og umræður um það, skiptar skoðanir um hvernig á að standa að því, á að leggja þetta fyrir félagsfund 13.11.2019 eða bíða með það og móta betur hugmyndina.

Á að leggja þetta fyrir aðalfund eða næsta félagsfund, spurning um að taka umræður á félagsfundi 13.11.2019 kom fram sjónarmið hvort það verði yfir höfuð tími til að ræða þetta mál.

Matarhlé

Andri kynnir mat á menntun og ákvörðun menntamálastofnunar að meta einstakling sem hefur verið synjað af fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins.

Umræður um mat á menntun og lögverndun starfsgreina.

Andri heldur áfram vinnu vegna mat á menntun fyrir hönd FÍR.

Ólafur yfirgefur fundinn.

Félagsfundur FÍR 13.11.2019 umræður um þann fund. Þarf að finna fundarstjóra, spurning um að finna einhvern utan RSÍ.

Farið yfir skipulag félagsfundar.

Hilmar fer yfir samantekt á skoðanakönnun, sendir á alla, verður lifandi skjal.

Leggja fyrir félagsfund tillögur að stofnun deildar innan FÍR.

Félagsfundi verði streymt, streymi sent á félagsmenn.

Framhaldið fram að aðalfundi 2020, fundur í desember þar sem gengið verður frá framboðsmálum.

Hver er framtíðarsýnin, FÍR og hin rafvirkjafélögin semji saman í stað þess að láta RSÍ sjá um það. FÍR mun auka samstarf við önnur rafvirkjafélög innan RSÍ.

FÍR mun bjóða félagsmönnum að hitta kjörna fulltrúa FÍR cirka einu sinni í mánuði eða svo.

FÍR vill sjá lífeyrissjóðinn Birtu flytja aftur upp á Stórhöfða

Að RSÍ verði fyrst og fremst kjara og eftirlits batterí, fókus á orlofshús minnki.

Rætt um að það þurfi að leggja allt fram skriflegt svo hægt sé að rekja það aftur í tímann og sýna fram á að vissum hlutum hafi verið komið til skila.

Fundi slitið : 15:15